

Fjórði fundur vetrarins í Gammadeild DKG var haldinn mánudaginn 15. desember, 2014, klukkan 19:30 á heimili Bjarkar Einisdóttur að Grenibýggð 22.

Yrsa Sigurðardóttir rithöfundur fjallaði um bók sína, *DNA*. Ingibjörg Einarsdóttir var með Orð til umhugsunar. Veitingar voru í boði allra Gammasystra eins og venja er á jólafundum.

Fundarsetning Eftir að Björk hafði boðið konur velkomnar á heimili sitt setti Kristín Bjarnadóttir fund. Kristín bauð Yrsu og Kristínu Höllu móður hennar sem er fyrrverandi Gammasystir sérstaklega velkomnar, hún kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.

Fundinn sátu eftirtaldir félagar í Gammadeild: Árný Elíasdóttir, Björg Eiríksdóttir, Björk Einisdóttir, Bryndís Steinþórsdóttir, Edda Pétursdóttir, Elín Ólafsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Helga Halldórsdóttir, Helga Thorlacius, Hertha W. Jónsdóttir, Hildur Jóhannesdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Jóhanna Einarsdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir, Kristín Jónsdóttir kennsluk., Margrét Jónsdóttir, María Pálmadóttir, Pálína Jónsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir, Soffía Sveinsdóttir, Stefánía Arnórsdóttir og Svana Friðriksdóttir. Auk Gammasystra hafði Kristínu Höllu fyrrverandi Gammasystur, móður Yrsu Sigurðardóttur fyrirlesara, verið boðið að sitja fundinn.

Fyrirlesari kynntur Yrsa Sigurðardóttir rithöfundur kom í heimsókn og las upp úr nýútkominn bók sinni *DNA*. Kristín Jónsdóttir kennslukona kynnti Yrsu Sigurðardóttur. Hún byrjaði á að segja frá því að Yrsa hafi hafið sinn rithöfundaferil sem barnabókahöfundur. Í framhaldinu spurði hún Yrsu hvort hún hafi meðvitað farið varlega af stað í sínum skrifum með því að skrifa fyrst fyrir börn. Yrsa svaraði því til að í raun hafi hún byrjað á að skrifa fyrir son sinn sem þá var átta ára og las ekki bækur. En Yrsa sagði að sonurinn hafi reyndar aldrei lesið bækurnar hennar. Yrsu fannst erfitt að skrifa barnabækur, henni fannst hún þurfa að vanda sig alveg sérstaklega mikið því henni finnst börn vera svo hrein og ómenguð. Hún skrifaði alls fimm barnabækur áður en hún fór að skrifa bækur fyrir fullorðna. Yrsu finnst eins og það sé ekki borin næg virðing fyrir barnabókum. Hún talaði einnig um að konur kaupi flestar barnabækur og þó einkennilegt sé þá kaupi þær frekar bækur sem skrifaðar eru af körlum en konum.

Síðan las Yrsa byrjunarkaflann úr nýútkominni bók sem nefnist *DNA*. Bókin fjallar um unga konu sem er myrt á hryllilegan hátt á heimili sínu að nóttu til. Eina vitnið að morðinu er sjö ára dóttir konunnar. Skömmu síðar lætur morðinginn aftur til skara skríða. Þessi stutti upplestur gaf tóninn og hljómaði þetta auðvitað eins og mögnuð glæpasaga.

Yrsa sagði að hún fengi hugmyndir víða að, hún gengur alltaf með minnisbók á sér. Hún talaði um að verkfræðistarfið hjálpaði henni við skrifin því verkfræðin væri svo lausnamiðuð, þar fær hún ýmis mál til að leysa. Í skrifunum býr hún til efniviðinn sjálf sem hún síðan vinnur úr. Hún notar m.a. excel-forritið til að hjálpa sér að halda utan um ákveðnar staðreyndir í sögunum.

Við megum búast við að sjá einhverjar sögur Yrsu birtast á hvíta tjaldinu á næstu árum því Yrsa hefur selt kvikmyndaréttinn að nokkrum bóka sinna. Síðan spunnust líflegar umræður um konur og styrki og konur og fyrirmyndir o.fl. Kristín Halla, móðir Yrsu, sagði að Yrsa hafi verið barnung þegar hún hóf að skrifa sögur. Hún sagði okkur fyrstu söguna sem Yrsa skrifaði, hún byrjaði með þessum orðum: Það var einu sinni fátækur maður...

Að lokum las Yrsa úr bráðskemmtilegri barnabók frá árinu 1999 sem heitir *Við viljum jólin í júlí*. Kristín Bjarnadóttir þakkaði Kristínu Höllu fyrir komuna og Yrsu fyrir lesturinn og færði þeim báðum rós.

Veitingar bornar á borð. Veitingar voru í boði allra Gammasystra eins og venja er á jólafundum. Síðan var nafnakall. Alls sóttu 26 konur fundinn. Kristín flutti kveðjur frá nokkrum Gammasysturum og Pálína sagði frá því að Rannveig Löve væri komin á Sunnuhlíð og að þar færi vel um hana.

Ingibjörg Einarsdóttir var með Orð til umhugsunar. Hún talaði um að henni þætti sérstaklega vænt um þennan lið í dagskrá Gamma deildar. Ingibjörg ræddi um vináttuna og hvers virði

vináttan er. Hún hefur m.a. rætt vináttuna við Pál Skúlason, heimspeking og fyrrverandi rektor Háskóla Íslands, einnig hefur hún skoðað hverjir hafa skrifað um vináttuna. Orðið vinur tengist latneska orðinu *venus* sem merkir kærleikur og er heiti yfir gyðju ástarinnar. Í orðum Ingibjargar kom fram að það er til margs konar vinátta, ánægjuvinur og andlegur vinur voru m.a. nefndir en góð vinátta byggist á virðingu og því að bera elsku hver til annars. Gunnar Hersveinn rithöfundur hefur skrifað mikið um vináttuna, Ingibjörg dreifði 18 miðum á meðal okkar, með því náði hún að virkja okkur í umræðunni. Á hverjum miða sem var lesinn var speki um vináttuna og oftast en ekki varð einhver umræða í kjölfarið. Meðal annars kom fram að vinátta er lifandi samband sem þróast og styrkist með árunum og að góðir vinir bæti hver annan, vinir hjálpa til við að gera líf hvers og eins bærilegra. Einnig kom fram að vinátta er oftast lengi að verða til. Þó nokkrar umræður sköpuðust eftir einkar áhugavert innleg, Ingibjargar, um vináttuna. Að lokum las Ingibjörg ljóð eftir Kristján Hreinsson sem fjallar um dyggðirnar.

Fundargerðir lesnar Svana Friðriksdóttir las tvær fundargerðir, þær voru báðar samþykktar með lófaklappi.

Dagskráin fram á vorið kynnt Kristín kynnti dagská vormisseris. Hún minntist á að við höfum verið að beina athyglinni að konum sem hafa sýnt frumkvæði. Mánudaginn 19. janúar verður fundur í Kruðeríi Kaffitárs, þar sem Aðalheiður Héðinsdóttir mun taka á móti okkur og segja frá uppbyggingu síns fyrirtækis. Síðan verður fundur þann 18. febrúar í gamla Kennó við Stakkahlíð, þar mun Ólafur Proppé segja frá menntunarhlutverki skátanna. Fimmtudaginn 19. mars ætlar Soffía Sveinsdóttir Gammakona að taka á móti okkur í Menntaskólanum við Hamrahlíð og segja frá IB náminu. Síðan verður Landsambandsþingið haldið 9. til 10. maí. Að lokum er stefnt að því að halda vorfundinn í Borgarfirði, e.t.v. verður byrjað á að skoða Ullarsetrið og síðan farið í sumarbústað Kristínar. Kristín minntist á vef samtakanna og sagði að við værum búnar að fá vottun Alþjóðasamtakanna um að vefsíðan okkar standist fyllstu kröfur. Hún hvatti okkur til að kíkja á vefinn og nýta okkur hann. Kristín kynnti einnig fréttabréf DKG.

Fundarlok Í lok fundar sungum við saman jólasönginn *Bráðum koma blessuð jólin*. Síðan sleit Kristín fundi og óskaði öllum gleðilegra jóla og velfarnaðar á nýju ári. Hún færði Björk rós sem þakklætisvott fyrir einstaklega hlýlegar móttökur. Eftir þessa ánægjulegu kvöldstund var haldið heim og allar komnar í jólaskapið.

Fundargerð skráði Svana Friðriksdóttir.